



Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 16. janúar 2026
Málsnúmer: 202512-0040
MH

Efni: Matsskyldufyrirspurn vegna skógrækrar í landi Brekku í Dýrafirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst Náttúrufræðistofnun í gegnum Skipulagsgátt þann 18. desember 2025, þar sem óskað var umsagnar um matsskyldu vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Brekku í Dýrafirði.

Samkvæmt greinargerð framkvæmdaraðila er fyrirhugað að stækka skógræktarsvæði á jörðinni um 47,1 ha, þar sem gert er ráð fyrir gróðursetningu um 88.000 trjáplantna í um 41 ha á fimm árum. Um er að ræða skógrækt í hlíð ofan Hrafnseyrarvegur í Brekkudal. Hluti svæðisins fellur innan hverfisverndarsvæðis H1 samkvæmt aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar og allt framkvæmdasvæðið er innan svæðis nr. 311 á náttúruminjaskrá, þ.e. skagans á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Náttúrufræðistofnun bendir á að samkvæmt vistgerðakorti stofnunarinnar má gera ráð fyrir að innan framkvæmdasvæðisins geti verið vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi, þar á meðal votlendisvistgerðin starungsmýravist og graslendisvistgerðirnar bugðupuntsvist og finnugsvist. Þessar vistgerðir eru mikilvæg búsvæði fyrir mófugla sem reiða sig á opin svæði til varps og fæðuöflunar.

Skógrækt í opnu landi felur almennt í sér varanlega breytingu á búsvæðum, sem getur haft í för með sér fækkun eða brotthvarf tegunda sem eru sérhæfðar fyrir opin búsvæði, jafnvel þótt aðrar tegundir sem sækja í skóglendi kunni að nema þar land síðar. Því er ekki unnt að leggja líffræðilegan fjölbreytileika fyrir og eftir framkvæmd að jöfnu á grundvelli tegundafjölda eingöngu, heldur þarf að horfa til breytingu á samsetningu vistkerfa og tegundahópa.

Þó ekki liggi fyrir fuglatalningar á framkvæmdasvæðinu má gera ráð fyrir að þar geti verið varpsvæði algengra mófuglategunda á borð við heiðlóu, spóa, þúfutittlingur og hrossagauk. Margar mófuglategundir hafa átt undir högg að sækja á landsvísu vegna búsvæðaeyðingar. Skógrækt á slíkum svæðum getur því haft neikvæð áhrif á fuglalíf, einkum ef framkvæmdir fara fram á varptíma eða ef skógrækt dregur verulega úr umfangi opinna búsvæða.

Í greinargerð kemur fram að innan framkvæmdasvæðisins sé votlendissvæði um 1 ha að flatarmáli og að ekki verði gróðursett í það. Náttúrufræðistofnun bendir á að votlendi geti orðið fyrir óbeinum áhrifum af framkvæmdum í næsta nágrenni, meðal annars vegna breytinga á vatnsbúskap. Því er mikilvægt að við veitingu framkvæmdaleyfis verði gætt sérstakrar varúðar gagnvart votlendinu, m.a. með því að tryggja nægjanlega fjarlægð skógræktar frá votlendi og að framkvæmdin leiði ekki til breytinga á vatnsbúskap þess.

Þrátt fyrir að framangreint telur Náttúrufræðistofnun ekki þörf á að framkvæmdin gangist undir mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin telur þó æskilegt að við afgreiðslu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði sem miða að því að:

- kortleggja vistgerðir og gera úttekt á fuglalífi innan framkvæmdasvæðisins áður en framkvæmdir hefjast



- forðast rask á votlendi og vistgerðum með hátt eða mjög hátt verndargildi
- takmarka framkvæmdir á varptíma fugla
- tryggja að trjágróður og sjálfsáning nái ekki út fyrir skilgreint skógræktarsvæði

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
Líffræðingur